

# FRÁGANGUR LAGNA Á LÓÐUM Í URRIDAHOLTI

## YFIRLIT OG LEIÐBEININGAR FYRIR HÖNNUÐI OG VERKTAKA

### NÝ HUGSUN Í NÝJU HVERFI

Urriðavatn er ein helsta perla Urriðaholtsins. Til að tryggja lífríki og gæði vatnsins eru farnar nýjar leiðir við meðferð regnvatnsins, svokallaðar blágrænar ofanvatnslausnir. Í stað þess að leiða regnvatn sem fellur á þök, bílastæði, götur og gangsettir burt úr byggðinni í holræsalögnum þá er það leitt í gegnum gegndræp yfirborðsefni ofan í jarðveginn eins nálægt þeim stað sem það fellur. Það sem ekki síast niður í jarðveginn er síðan leitt í ofanvatnslausnum meðfram götum að grænum geirum sem liggja niður í gegnum byggðina að Urriðavatni.



Hefðbundið fyrirkomulag.

Fyrirkomulag í Urriðaholti.



Ofanvatnslausir meðfram húsagötum og grænar geirar í Urriðaholti.

### MEDHÖNDLUN OFANVATNS Á LÓÐUM

Ofanvatn af húspökum og öðru þéttu yfirborði innan lóða skal sett í jörð innan lóðar í þar til gerðan móttaka (e. infiltration pit/underground storage volume). Þó má beina ofanvatni af innkeyrslum og bílastæðum sérbýlishúsaloða í ofanvatnslausir meðfram götum. Ofanvatninu skal beint í þar til gerðan neðanjarðar móttaka, þaðan sem ofanvatnið getur síðan sigið áfram niður í jarðveginn og niður í Urriðavatn.


Móttaki getur verið grjót- eða malarfylling, tankur eða annað slíkt sem sérhannað er fyrir móttöku ofanvatns. Móttaki skal hafa nægilega rýmd að mati sérfræðings til að taka við ofanvatni í stórríningum, leysingum, asahláku og að vetrum þegar frost er í jörðu, þ.a. vatn safnist ekki á yfirborði.

Mögulegt er að að beina ofanvatni í móttakan á tvennan hátt:

- » Með því að beina þakniðurfalli beint í móttakan.
- » Með því að útbúa svokallaðan regngarð (e. raingarden), sem er laut með grónu yfirborði og plöntum, þangað sem hægt er að beina þakvatni og yfirborðsvatni sem síðan getur gufað upp og eða sigið áfram ofan í jarðveginn. Koma skal fyrir yfirfalli í regngarði sem beint er í móttaka ef laut yfirfyllist.


Úr móttakanum skulu vera yfirfallslagnir til þrútafara sem tengjast í sérstakar regnvatnslagnir sem liggja í götum í Urriðaholti og opnast út í ofanvatnslausir í opnum svæðum og / eða grænum geirum sem liggja í gegnum byggðina að Urriðavatni.

Nota skal drenrör til að verja byggingar og húsgrunna fyrir vatni. Drenrör skulu hafa nægilega rýmd að mati sérfræðings og tengd við sömu regnvatnslagnir og yfirfallslagnir úr móttakanum. Þannig er vatni í drenrörunum beint að Urriðavatni í stað þess að beina því út af svæðinu.



### SKÝRINGAR: FRÁGANGUR LAGNATENGINA Á LÓÐ

- Regnvatnslagn tengist í brunn við lóðarmörk
- Skólplögn tengist í brunn við lóðarmörk
- Affall hitaveitu tengist sérlögn í götu



### NÁNAR UM MEDHÖNDLUN OFANVATNS MEÐ REGNGÖRÐUM

Regngarðar er flötur sem mótaður hefur verið með landslagshönnun til að drekka í sig og sía afrennsli af ógegndræpum flötum innan lóðar. Regngarðar eru hannaðir með það í huga að regnvatn geti safnast þar fyrir tímabundið en eru ekki hugsaðir sem varanlegar tjarnir.

Vel hannaður regngarður auðveldar vatni að síast í jörðu, meðhöndlar afrennsli og styður við vöxt plantna. Í hann er gjarnað gróðursettir fjölbreyttir runnar og fjölæringar sem gleðja augað og hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar.



URRIDAHOLT

Sjá nánari upplýsingar á vef Urriðaholts [www.urridaholt.is](http://www.urridaholt.is)